

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen tollstjóra og Guðbjörn Guðbjörnsson frá Tollvarðafélagi Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, tollstjór-  
anum í Reykjavík, Félagi íslenskra stórkaupmanna, sýslumanninum í Bolungarvík, sýslu-  
manninum í Vestmannaeyjum, Samtökum atvinnulífsins, Sýslumannafélagi Íslands, Toll-  
varðafélagi Íslands og Samtökum verslunar og þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að landið verði gert að einu tollumdæmi sem stjórnað verði af einu embætti, tollstjóranum í Reykjavík, sem eftir breytinguna mun heita embætti tollstjóra. Embættinu verði heimilt að fela sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tilgreinda þætti tollframkvæmdar í umdæmum þeirra.

Fram kom að almenn samstaða væri um breytingar frumvarpsins. Markmið þeirra væri að hagræða í stjórnsýslu tollframkvæmdar og koma ábyrgð á málaflokknum alfarið undir fjár-  
málaráðuneytið.

Nefndin ræddi rökin fyrir því að yfirstjórn tollamála væri færð til tollstjórans í Reykjavík og var því til stuðnings vísað til umfangs starfseminnar auk þess sem embættið hefði í dag með höndum sérstakt hlutverk, sbr. 43. gr. tollalaga.

Þá ræddi nefndin hvort frumvarpið mundi hafa í för með sér niðurskurð og fækkun starfa á landsbyggðinni. Kom fram að það stæði ekki til, heldur ætti að efla þjónustu þar sem hennar væri þörf. Frumvarpið mundi auðvelda færslu starfa til landsbyggðarinnar og að því gefnu að það væri álitid hagkvæmt og skynsamlegt.

Á fundum nefndarinnar var undirstrikuð þörf fyrir náid samstarf löggæslu og tollgæslu og mikilvægi þess að tryggja virka miðlun upplýsinga milli þessara embættar, sbr. 12. og 45. gr. frumvarpsins. Nefndin tekur undir það sjónarmið.

Nefndin fagnar sérstaklega 5. tölul. 8. gr. frumvarpsins og bendir á að hann er í samræmi við áherslur sem fram komu í áliti nefndarinnar frá 4. des. 2007 á 135. löggjafarþingi (þskj. 448, 229. mál).

Nefndin vill taka af tvímæli um að tollstjóri annist lögskráningu í umdæmi sýslumannsins í Keflavík og leggur til breytingu þess efnis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

### BREYTINGU:

1. efnismgr. 29. gr. orðist svo:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Ögmundur Jónasson og Katrín Jakobsdóttir gera fyrirvara við álitid.  
Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álit  
þessu.

Alþingi, 9. des. 2008.

Pétur H. Blöndal,  
form., frsm.

Ellert B. Schram.

Ögmundur Jónasson,  
með fyrirvara.

Bjarni Benediktsson.

Gunnar Svavarsson.

Birkir J. Jónsson.

Lúðvík Bergvinsson.

Katrín Jakobsdóttir,  
með fyrirvara.

Rósa Guðbjartsdóttir.